



### B 313/præsídiet

Flutningur:  
Poul Michelsen og Aksel V.  
Johannesen

Afgreiðsla:  
Forsætisnefndin

Málsnúmer: 16-00259-2

## Landsstjórnartillaga Umsókn Færeyja um að verða fullgildur aðili að Norðurlandaráði, Norrænu ráðherra- nefndinni og norrænum samningum og sáttmálum

### Forsaga

Allt frá því að formlegt norrænt samstarf hófst – í Norðurlandaráði árið 1952 og í Norrænu ráðherranefndinni árið 1971 – hafa Færeyingar átt sterka ósk um að gerast fullgildir aðilar að samstarfinu. Sú ósk hefur verið margítrekuð. Innanlands var hún samþykkt einróma á Lögbinginu árið 1977 og aftur árið 2003. Hún hefur einnig verið borin fram á norrænum vettvangi, á þingum og öðrum norrænum fundum og á alþjóðlegum vettvangi.

Margar breytingar hafa orðið á norrænu samstarfi í tímans rás, meðal annars vegna óska Færeyinga um aukna aðild. Átta sinnum hafa verið gerðar breytingar á Helsingforssamningnum í þeim tilgangi að laga samstarfið að nýjum samfélagsáskorunum, t.d. auknu samstarfi innan ESB. Á undanförunum árum hafa víðtækar umbætur verið gerðar á starfi Norrænu ráðherranefndarinnar, Nyt Norden 1.0 og 2.0. Umbætur sem við styðjum.

Færeyingar hafa ætíð bent á að það væri við hæfi að endurskoða Helsingforssamninginn og þá einnig stöðu svonefndra sjálfsstjórnarsvæða við sama tækifæri og gerðar eru umbætur á samstarfinu.

Norrænt samstarf hefur ætíð grundvallast á samstarfi frændþjóða á jafnræðisgrundvelli; virðingu fyrir þjóðaréttinum, lýðræði og mannréttindum, virðingu fyrir ólíkum menningarheimum Norðurlanda og samstarfi um fyrirkomulag þar sem allir njóta sams konar réttinda á Norðurlöndum. Grundvallarhugsjónir Norðurlanda hafa vakið alþjóðlega athygli og virðingu. Væri það ekki Norðurlöndum til sóma að allir íbúar þeirra nytu sömu virðingar?

Þetta er í fjórða sinn sem norrænar stofnanir fjalla um aðildarumsókn Færeyinga. Árið 1976 bar færeyski þingmaðurinn Erlendur Patursson fram

tillögu í Norðurlandaráði og árið 1980 lagði þáverandi forsætisráðherra Danmerkur, Anker Jørgensen, á ný fram tillögu um aðild Færeyinga að ráðinu. Árið 2003 lauk viðleitninni á því að umsóknin fékk ekki eiginlega málsmeðferð hjá Norrænu ráðherranefndinni heldur var Álandseyjaskjalið samið sem svar við umleitunum Færeyinga.

Færeyingar eru reiðubúnir að skuldbinda sig að fullu gagnvart Norðurlöndum. Við berum ábyrgð á öllum sviðum sem norrænt samstarf nær til. Við erum nútímalegt norrænt samfélag með allt sem einkennir norræn velferðarríki.

Með þetta í huga förum við þess á leit að norrænu löndin leyfi okkur að axla ábyrgð. Færeyingar óska eftir því að vera fullgildur aðili að Norðurlandaráði, Norrænu ráðherranefndinni og norrænum samningum og sáttmálum. Um er að ræða sterka pólitíska ósk og það er göfugt hlutverk okkar, fulltrúa færeysku þjóðarinnar, að leiða mál sem þetta til lykta.

Við bíðum fagnandi eftir samráði við norrænu samstarfsráðherrana og þingmenn Norðurlandaráðs um þetta metnaðarmál okkar.

Þórshöfn í Færeyjum, 5. október 2016

*Aksel V. Johannesen, lögmaður*

*Poul Michelsen, samstarfsráðherra*

Norðurlandaráð

**B 313/præsídiet**

Flutningur:  
Poul Michelsen og Aksel V.  
Johannesen

Afgreiðsla:  
Forsætisnefndin

Málsnúmer: 16-00259-2